

# SPRETTHÓPAVINNA

## ÁHERSLUVERKEFNI Í UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁLUM

Kynning á aukapingi SSNE 2. desember 2022  
Kristín Helga Schiöth



**SSNE**

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar  
á Norðurlandi eystra



# Tilurð verkefnisins

Tillaga að verkefninu kemur frá Fagraði umhverfismála SSNE, hún útvíkkuð og aðlöguð og lögð fyrir stjórn og samþykkt sem áhersluverkefni í september 2022.

Verkefnið hlaut vinnuheitið Spretthópavinna í umhverfis- og loftslagsmálum, enda skyldu hóparnir funda þétt og vera skipaðir sérfræðingum sem einbeittu sér að staðbundnum lausnum í umhverfis- og loftslagsmálum.

Tvíþætt merking: Spretthópar vinna snarpt og hratt að lausnum sem liggur á að finna - og upp úr vinnunni spretta hugmyndir og gróska.



# Markmið verkefnisins

Að móta geranlegar og skýrar aðgerðir fyrir sveitarfélögin í umhverfis- og loftslagsmálum.

Aðgerðirnar leggja út frá markmiði stjórnvalda um að losun Íslands skuli hafa dregist saman um 55% fyrir árið 2030 miðað við árið 2005.

Í tillögunum er litið til aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum, stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 og Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

Afurðin verður í formi aðgerðalista fyrir sveitarfélögin á svæðinu sem þau geta nýtt sér inn í eigin loftslagsvinnu auk þess sem aðgerðum verður forgangsraðað í áframhaldandi verkefni SSNE.



# Hóparnir 5 fjalla um:

Sjálfbær samfélög og innleiðingu hringrásarhagkerfis.


Orkuskipti.

Bætta landnýtingu.

Aðlögun að loftslagsbreytingum.

Náttúruvernd í byggðaðróun.

Hver hópur er skipaður þremur sérfræðingum, a.m.k. einn þeirra er búsettur á svæðinu eða hefur tengingu við það og hóparnir hittast þrisvar sinnum, í þrjá tíma í senn ásamt verkefnastjóra.



# Staðan á verkefninu í dag:

- Verkefnastjóri hóf störf í byrjun nóvember.
- Vel hefur gengið að fylla hópana og mikill kraftur í þátttakendum.
- Fjórir af fimm hópum fullskipaðir, þrjár hópar munu ljúka fundarhaldi fyrir árslok og tveir hópar hefja fundarhöld snemma á nýju ári.
- Verkefnastjóri tekur saman tillögurnar og vinnur áfram og vonir standa til að náist að fylgja hluta þeirra eftir áður en ráðningu lýkur.



# Í hópunum má m.a. finna sérfræðinga innan:

Umhverfisstofnunar,

Orkustofnunar,

Veðurstofunnar,

Byggðastofnunar,

Amtsbókasafnsins,

Eflu,

Ramboll í Stokkhólmi,

Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins,

Landgræðslunnar,

Skógræktarinnar.



# Hlutverk sveitarfélaga í loftslagsaðgerðum...

... er gríðarlega stórt eins og við vitum öll.

Dæmi um veigamikla þætti í loftlagsmálum sem liggja hjá sveitarfélögum eru:

- Skipulagsmál
- Úrgangsmál
- Veiting framkvæmdaleyfa fyrir breytingum á landi, t.d. framræsingum.
- Innkaup og kaup á þjónustu.
- Fræðsla til almennings
- Almenningssamgöngur og aðstæður til virkra ferðamáta.
- Stuðningur við sjálfbærni- og hringrásarverkefni.
- Aðlögun að loftslagsbreytingum.



# Spurningalisti sendur til sveitarfélaga um stöðu loftslagsstefnugerðar

8 af 10 hafa svarað

Fjögur segist hafa gert sér loftslagsstefnu

Þrjú segjast hafa gert sér aðgerðaráætlun

Tvö segjast halda utan um losun sína

Það sem svarendur segja að hafi staðið fyrir þrifum:

- Tímaleysi.
- Fáir starfsmenn á skrifstofu.
- Nýsameinuð sveitarfélög ekki komin á skrið.
- Verkefnið munaðarlaust.





# Svör fulltrúa sveitarfélaga um hvaða vonir standi til afraksturs spretthópavinnu:

Vonir bundnar við raunhæfar aðgerðir.

Áhersla á aðgang alls svæðisins að orku.

Að aðgerðir nýtist inn í aðgerðaráætlun sveitarfélaganna.

Að afrakstur vinnunnar hjálpi sveitarfélögum að uppfylla lagalegar skyldur sínar.

Vonir bundnar við að hægt sé að leysa verkefni í sameiningu.



# Græn skref á Norðurlandi eystra

Byggjast á Grænum skrefum í ríkisrekstri, aðlöguð að rekstri sveitarfélaga og landsvæðisins.

Stefnan sett á að SSNE geti stutt við innleiðingu Grænna skrefa sveitarfélaganna.

Mikil reynsla komin af Grænum skrefum í ríkisrekstri, tekur á mörgum af helstu losunarpáttum vinnustaða;

Úrgangi

Orkunotkun

Fundarhaldi og viðburðum

Mötuneytum og kaffistofum

Samgöngum

Innkaupum

Miðlun og stjórnun